

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

681. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. febrúar 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við skólastjóra um fyrirhugað útboð skólaaksturs.
3. Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi.
4. Bréf UMFÍ.
5. Bréf SSNV.
6. Bréf Umhverfissráðuneytisins.
7. Málefni Brunavarna Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir ýmiss framkvæmdamál, m.a. breytingar á þreksal íþróttamiðstöðvar, breyting á rými í eldri hluta grunnskólahúsnæðis á Hvammstanga, viðhald leiguíbúða, steypu á sökkum fyrir útrás fráveitulagnar frá Höfðabraut
2. Skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra er mættur til fundar við byggðarráð um fyrirhugað útboð á skólaakstri. Kynnti skólastjóri drög að útboðsgögnum og fór yfir nokkur álitafni er snerta útboðið. Skólastjóri mun senda útboðsgögn til afgreiðslu byggðarráðs fyrir nk. mánudag.
3. Fram lagt aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi en fundurinn verður haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík þann 17. febrúar nk. kl. 14:00. Samþykkt að fela fulltrúa úr Eignarréttarnefnd sveitarfélags að fara með umboð Húnaþings vestra á fundinum.
4. Fram lagt til kynningar bréf UMFÍ þar sem sveitarstjórnunum í landinu er gerð grein fyrir umsóknarferli vegna Unglingalandsmóta árin 2013 og 2014.
5. Lagt fram bréf framkvæmdastjóra SSNV þar sem tilkynnt er um samþykkt stjórnar um að óska heimildar aðildarsveitarfélaga til að 19 Ársþingi SSNV verði frestað og að það verði haldið fyrir lok ágústmánaðar 2011 í stað aprílloka eins og gert er ráð fyrir í samþykktum samtakanna. Byggðarráð gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við frestun tímasetningu 19. Ársþings SSNV.
6. Fram lagt til kynningar bréf Umhverfissráðuneytisins þar sem greint er frá gildistöku mannvirkjalaga nr. 160/2010 frá 1. janúar sl. Rætt um ýmiss ákvæði laganna sem snerta Húnaþing vestra.
7. Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir viðræðum sínum við fulltrúa Brunavarna Húnaþings vestra og stöðu þess máls.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Skúli Einarsson og Böðvar Sigvaldi Böðvarsson eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Greindu þeir frá fundi sem haldinn var meðal nokkurra aðila í Hrutafirði sem áhuga hafa á skoðun möguleika á lagningu hitaveitu að lögbylum norðan Reykja. Forstöðumaður tæknideildar kynnti niðurstöður frumskoðunar á umræddri

hitaveitulögn. Byggðarráð felur oddvita og sveitarstjóra að ganga til viðræðna við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir um mögulegan framgang málsins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:30

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.